

Mál nr. 2/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs (sveitarfélags).

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 4. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni um kl. 15:00 þann 1. júní 2024. Er atvikum þannig lýst að M hafi verið á göngu eftir gangstétt ásamt eiginmanni sínum, dóttur og barnabörnum. Hafi M rekist óvænt í múrbolta sem staðið hafi upp úr gagnstéttinni, fallið harkalega fram fyrir sig og slasast. Hafi atvikið gerst svo hratt að M hafi ekki haft tíma til að beri fyrir sig hendur. Hafi afleiðingar slyssins m.a. verið metnar til 12% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Í málskoti eru færð rök fyrir því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Byggir M á því að slysið hafi orsakast af saknæmum og ólögmætum athöfnum og/eða athafnaleysi starfsmanna X. Þá beri X einnig ábyrgð á óforsvaranlegum aðstæðum og vanrækslu á eftirliti sem eigandi og umsjónaraðili svæðisins. Hvað atvikið nánar varðar bendir M á að umræddir múrboltar sem staðið hafi upp úr gagnstéttinni hafi verið notaðir til að festa ruslatunnu sem hafði verið fjarlægð án þess að gerðar hafi verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Engin aðvörðun eða merking hafi verið sett upp til að vara vegfarendur við hættuni og því hafi M ekki séð múrboltann áður en hún rakst á hann, enda ekki haft neina ástæðu til að ætla að hann stæði upp úr gagnstéttinni. Bendir M á fyrirliggjandi myndir sem sýni aðstæður á vettvangi. Bendir M á að sveitarfélög beri sem eigendur og umsjónarmenn opinna svæða þar á meðal gangstéttum og göngustígum, ábyrgð á viðhaldi þeirra. Hafi X m.a. borið að tryggja að gönguleið M væri trygg enda hafi hún verið fjölfarin. M telur í raun kjarna málsins einfaldan. X beri ábyrgð á viðhaldi bæði á ruslatunnum og gagnstéttum. X beri jafnframt ábyrgð á að starfsmenn X viðhafi forsvaranlegt eftirlit og grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir slysaþættu þar sem það sé unnt. Í málinu liggi fyrir að einhver, mjög líklega starfsmaður X, hafi fjarlægt umrædda ruslatunnu sem hafi verið fest niður á fjölfarinni gangstétt, án þess að ganga frá vettvangi með öruggum hætti og þannig ekki komið í veg fyrir augljósa slysaþættu. Sama hvernig litið sé á málið telur M að starfsmönnum X hafi mátt vera aðstæður á slysavettvangi ljósar. Bendir M á í því sambandi að starfsmenn X hafi tæmt ruslatunnur, m.a. þá tunnu sem hafði verið á slysstæð, daglega.

Í athugasemdum V er á því byggt að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, þá verði að ganga út frá því að starfsmönnum X hafi verið ókunnugt um aðstæður á slysstæð fyrr en ábending hafi borist frá eiginmanni M tveimur dögum eftir óhappið. Engin gögn hafi fundist sem upplýsi af hverju þessi tiltekna ruslatunna hafi verið fjarlægð eða af hverjum. Starfsmenn X kannist ekki við að hafa fjarlægt hana og hafi heldur ekki verið búnir að fá ábendingu um að múrboltinn stæði upp úr gangstéttinni þegar atvikið átti sér stað. V telur því ósannað að óhapp M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Bendir V á að ef starfsmenn X hefðu fjarlægt ruslatunnuna þá hefði átt, í samræmi við verklag, að fjarlægja múrboltann. Þar sem steypupallurinn undir tunnunni sé hærri en gangstéttin hefðu starfsmenn sett keilu eða annað til að vara við hættunni. Þrátt fyrir að starfsmenn X reyni að sjá til þess að hættur séu ekki til staðar, geti þeir eðli málsins samkvæmt ekki brugðist við aðstæðum sem þeim sé ekki kunnugt um. Þá vísar V til þess að samkvæmt meðfylgjandi ljósmyndum af ja.is, teknar í júní og ágúst 2023, megi sjá að á annarri myndinni vanti ruslatunnuna. Telur V að það bendi til þess að það sé frekar algengt að ruslatunnur séu keyrðir niður eða fjarlægðir af einhverjum óviðkomandi. Þá telur V ekki hægt að horfa fram hjá því í þessu tilviki að múrboltinn sé staðsettur á afar áberandi steypupalli. Atvikið hafi orðið um miðjan dag, bjart verið úti og því telur V að auðvelt hafi verið að sjá og meta aðstæður. Gera verði þá kröfu til einstaklinga að þeir kunni fótum sínum forráð og veiti nærumhverfi sínu lágmarksathygli og geti ekki, ef illa tekst til í þeim efnum, sett ábyrgðina yfir á aðra. Þetta sé talin gildandi regla í íslenskum

skaðabótarétti. V telur því að með eðlilegri aðgæslu hefði M auðveldlega getað komið í veg fyrir slysið. Visar V til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E -2944/2011, þessu til stuðnings, enda hafi málsatvik þar verið með sambærilegum hætti og aðstæður að einhverju leyti svipaðar og í máli M. Hafi dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að um óhappatilvik hefði verið að ræða, sem komast hefði mátt hjá ef tjónþoli hefði sýnt eðlilega aðgát. Þá mótmælir V því að í atvikalýsingu í tjónstilkynningu eða í öðrum þeim skráningum sem liggja fyrir, felist betri sönnun varðandi málsatvik en í þeirri lýsingu sem höfð er eftir M í bráðamóttökuskrá á slysdegi. Telur V að almennt eigi að leggja fyrstu lýsingu á atviki til grundvallar varðandi sönnun, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2006 og 286/2017. Lýsingin í bráðamóttökuskrá sé samtímagagn og því beri að leggja hana til grundvallar varðandi aðdraganda slyssins.

Í viðbótarrökstuðningi M er eftirfarandi áréttað. M telur að það liggi fyrir í málinu yfirlýsing frá X, sbr. tölvupóst dags. 4. mars 2025, um að starfsmenn X hafi athugað með ruslatunnur daglega. Starfsmönnum X hafi því mátt vera kunnugt um stöðuna og hefðu átt að grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við verklag. Þá bendir M á að V hafi lagt áherslu á að það sé algengt að ruslatunnur séu keyrðir niður eða fjarlægðir af óviðkomandi. Að mati M staðfestir það að starfsmönnum X hefði átt að vera kunnugt um þessa hættu og gæta sérstaklega að aðstæðum við ruslatunnur þegar þeir voru í sínu daglega eftirliti. M telur einnig að umræddur múrbolti sé ekki staðsettur á „afar áberandi steypupalli“ eins og V byggir á. Myndir sýni að um sé að ræða smávægilega upphækkun m.v. gangstéttarhellurnar. Ekki sé með neinu móti hægt að halda því fram að um sé að ræða „pall“. Þá hafi M ekki rekist á upphækkunina sem slíka, heldur á lítinn múrbolta sem staðið hafi upp úr stéttinni sem hafi ekki verið áberandi. M hafnar því einnig að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2944/2011 hafi fordæmisgildi fyrir mál M, enda séu aðstæður í málinu ekki svipaðar. Tjónþoli í því máli hafi stigið í misfelli í gangstétt. Samkvæmt myndum hafi verið um mjög stóra misfelli að ræða, þ.e. ríflega tvær gangstéttarhellur að breidd. M hafi hins vegar rekist í lítinn múrbolta sem stóð upp úr gangstéttinni. Að lokum mótmælir M því að bráðamóttökuskrá LSH, dags. 1. júní 2024, hafi meira sönnunargildi en önnur gögn málsins. Í þessu sambandi visar M sérstaklega í frásögn vitnis af atburðinum, þar sem segir m.a.: „Ég er í ökuþrófi og við erum stopp á rauðu ljósu þegar ég sé fjölskyldu vera ganga á gangstéttinni. Ég tek eftir að konan gengur á járnbita sem stendur upp úr gangstéttinni...“

Álit.

Samkvæmt framansögðu snýst ágreiningur aðila um það hvort M eigi rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna umrædds tjóns. Samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar hvílir á M að sanna að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi, m.a. að M hafi orðið fyrir tjóni sem verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á.

Að mati nefndarinnar er óumdeilt að M féll um einn af fleiri múrboltum sem stóð upp úr fjölfarinni gangstétt. Voru múrboltarnir notaðir til þess að festa ruslatunnu sem hafði verið fjarlægð er slysið varð. Ágreiningur er um það í málinu hver eða hverjir fjarlægðu tunnuna og hvort starfsmönnum X hafi verið eða mátt vera það kunnugt. V byggir á því að starfsmenn X hafi hvorki fjarlægt tunnuna né verið kunnugt um að það hafi verið gert fyrr en eftir slys M og því ekki haft ástæðu til og tók á að bregðast við því fyrir slysið. Nefndin tekur undir það með V að það telst ósannað að starfsmenn X hafi fjarlægt umrædda ruslatunnu. Það breytir því þó ekki að mati nefndarinnar að eins og málið liggur fyrir eru forsendur til að ætla að starfsmenn X hafi mátt vita að tunnan hafði verið fjarlægð og því haft ástæðu til að grípa til aðgerða fyrir slysið til þess að tryggja öryggi þeirra fjölmörgu sem gera mátti ráð fyrir að væru á gangi á umræddum stað. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í fyrirbyggjandi tölvupósti, dags. 4. mars 2025, er upplýst að starfsmenn X tæmi ruslatunnur, m.a. þá sem málið varðar, alla daga vikunnar, þó það þýði ekki sjálfkrafa að allar tunnur sé tæmdar heldur séu stundum hálffullar tunnur látnar biða til næsta dags. Til viðbótar bendir nefndin á að í athugasemdum V hér að framan var tekið fram að af ljósmyndum teknum í júní og ágúst 2023, megi sjá að á annarri myndinni vantar umrædda ruslatunnu. Taldi V að það benti til þess að það sé frekar algengt að ruslatunnurnar séu keyrðar niður eða fjarlægðar af einhverjum óviðkomandi. Því telur nefndin að burtséð frá ágreiningi um það hver hafi fjarlægt umrædda ruslatunnu liggi fyrir nægjanleg gögn til þess að hægt sé að álykta með þeim hætti sem gert er að framan. Nefndin bendir hér einnig á að V hefur ekki lagt fram nein þau gögn sem sýnt gætu fram á að starfsmenn X hafi tæmt umrædda tunnu að morgni 1. júní 2024 og að hún hafi síðan verið fjarlægð af óþekktum aðila eða aðilum þann sama dag en þó áður en M slasaðist kl. 15:00. Þegar horft er til fyrirbyggjandi ljósmynda sem sýna aðstæður á slysstað þykir nefndinni afar ótrúverðugt að

sú hafi verið raunin, enda allt umhverfið hið snyrtilegasta. Það er því niðurstaða nefndarinnar að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Hvað varðar þau rök V að slysið verði fyrst og fremst rakið til eigin gáleysis M telur nefndin að þær ljósmyndir sem liggja fyrir bendi til þess að það hafi verið afsakanlegt að M sá ekki umræddan múrbolta í aðdragandi slyssins, enda hafi hún mátt treysta því að hún gæti gengið á umræddri gangstétt án þess að því fylgdi sérstöð slyshætta. Telur nefndin að það hvort M hafi í aðdraganda slyssins gengið eða jafnvel hlaupið eftir gagnstéttinni breyti ekki framangreindu. Því telur nefndin að ekki séu forsendur til þess að M verði látin bera hluta af tjóni sínu sjálf vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Anna Lilja Ragnarsdóttir